

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	23.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Vanda Úlfrún Hellsing	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Dögg /Gísli Bragi	Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins. Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik frá starfsleyfi og engum ábendingum komið á framfæri.

Nýr tengiliður rekstraraðila við Umhverfisstofnun er Vanda Úlfrún Hellsing.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Urðun í flæðigryfjum
- Mengunaróhöpp og kvartanir
- Losun ryks
- Ársfjórðungsskýrslur.
- Útreikningar á dreifingu flúors sbr. vöktunaráætlun.
- Áhættumat til að meta tíðni eftirlits.
- Skoðunarferð: Kerskálar og flæðigryfjum.

1. Byrjað var á að skoða flokkun og skráningar úrgangs í flæðigryfjum en vel er haldið utan um slíkar skráningar í rafrænum gagnagrunni. Óskað var eftir efnaupplýsingum um þann úrgang sem fer í flæðigryfjurnar og voru þær sendar eftirlitsaðila í kjölfar eftirlitsins. Rætt var um möguleika á endurvinnslu eða endurnýtingu þess úrgangs sem fer núna í flæðigryfjurnar. Jafnframt var farið yfir ábyrgð rekstraraðila á öllum þeirra úrgangi sem fer inn í flæðigryfjurnar, þ.m.t. gjallsandur sem farið hefur í gegnum endurvinnsluferil hjá Al álvinnslu. Verktakar sjá um futning á úrgangi í flæðigryfjurnar sem og rekstri hennar t.d. að jafna úrganginn í gryfjunni.

2. Alur álvinnsla tilkynnti til Umhverfisstofnunar um atvik í flæðigryfjum þar sem að vatnsyfirborð lækkaði í gryfjunni svo að rjúka fór úr gjallsandi sem er urðaður í flæðigryfjunni. Norðurál var upplýst um atvikið og var í samskiptum við Al álvinnslu um úrbætur vegna atviksins. Ítrekað var í eftirlitinu að urðun gjallsandsins í flæðigryfjunni er á ábyrgð Norðuráls. Umhverfisstofnun barst auk þess kvörtun um straumteina á lóð sementsverksmiðjunnar á Akranesi. Norðurál ber að afhenda úrgang (þ.m.t. straumteina) til viðurkenndra endurvinnsluaðila og hefur verið staðfest að umræddur móttökuaðili hefur starfsleyfisheimild til að taka við efninu. Norðurál hefur því fullnægt kröfum starfsleyfis hvað varðar ráðstöfun straumteinanna.

3. Mælingar á ryki í útblæstri frá minni ryk uppsprettum hafa verið framkvæmdar á árinu en skýrslur úr mælingunum liggja ekki fyrir. Niðurstöður úr rykmælingum í hreinsivirkjum voru sýndar í eftirlitinu. Farið var yfir reikniforsendur fyrir útreikningi á ryki frá kerskálum, en ryklosun er áætluð út frá fjölda opinna kerja.

4. Ársfjórðungsskýrslur. Óskað var eftir skýrari framsetningu á niðurstöðum fráveitusýna sem og mælingum frá minni ryk uppsprettum í ársfjórðungsskýrslum. Niðurstöður mengunarmælinga eru undir starfsleyfismörkum það sem af er ári.

5. Í samþykktari vöktunaráætlun 2018-2028 var gerð krafa um endurútreikning á dreifingu flúors frá álverinu og veittur frestur til lok árs 2018 á ljúka þeirri vinnu. Í eftirlitinu kom fram að útreikningarnir hefðu verið framkvæmdir og unnið væri að skýrslu.

6. Umhverfisstofnun vinnur að kerfisbundnu áhættumati til að meta tíðni eftirlits í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 550/2018. Drög að matinu voru kynnt rekstraraðila.

7. Í skoðunarferðinni var gengið um kerskála. Nokkuð gott ástand var á þekjum en nokkuð var um ryk á gólfum. Auk þess var farið í flæðigryfjurnar. Vel er staðið að aðskilnaði milli úrgangsflokka í flæðigryfjum.

ANNAÐ

Nýr tengiliður rekstraraðila við Umhverfisstofnun er Vanda Úlfrún Hellsing.

Breyting á deiliskipulagi sem heimilar stækkun á urðunarsvæði Norðuráls og Elkems í flæðigryfjum er í vinnslu hjá sveitarfélaginu Hvalfjarðarsveit. Norðurál hefur heimild til að urða eigin framleiðsluúrgang í flæðigryfjum svo fremi sem þær séu í samræmi við deiliskipulag og hafi verið samþykktar af Umhverfisstofnun sbr. grein 3.20 í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.01.2019

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir